

## 10. gr.

Formlegt mat á rekstri og starfsemi Háskólaútgáfunnar skal fara fram með reglulegu millibili, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

## 11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 22. mars 2001.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Lögreglusjóð Reykjavíkur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Lögreglusjóður Reykjavíkur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af andvirði fundinna fjármuna, sem eigandi hefir ekki gefið sig fram að, samkvæmt opnu kansellibréfi dags. 8. júní 1811.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

1. Andvirði fundinna fjármuna, samkvæmt áður nefndu kansellibréfi.
2. Tillög lögregluþjóna, eins og þau verða ákveðin hverju sinni á aðalfundi LR.
3. Vextir.
4. Gjafir og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja allskonar menningarstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennt félagslíf innan lögreglunnar í Reykjavík með fjárstyrkjum.

Meðal þess sem ætlast er til að sjóðurinn styrki skal þetta sérstaklega talið:

1. Íþróttastarfsemi innan lögreglunnar.
2. Hljómlistarlíf og söngstarfsemi innan lögreglunnar.
3. Hópfærðir og útilíf innan lögreglunnar
4. Samstarfsverkefni til eflingar skilnings og samvinnu milli lögreglu og almennings
5. Árshátíð og skemmtanir.

## 5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík skal hafa vörslu sjóðsins, annast ávöxtun hans, reikningshald og innheimtur hans vegna. Ber honum að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

## 6. gr.

Aðalfundur Lögreglufélags Reykjavíkur kýs þriggja manna sjóðstjórn og jafnmarga til vara, til eins árs, er ákveður fjárveitingar úr sjóðnum og vinnur að því að afla honum tekna. Stjórnin telst löglega kosin ef þess hefur verið getið í fundarboði til aðalfundar LR að kosning stjórnarinnar eigi að fara fram.

Umsóknir um styrkveitingar úr sjóðnum skulu hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 1. febrúar ár hvert og vera skriflegar. Stjórn sjóðsins skal hafa lokið við úthlutanir úr sjóðnum í septembermánuði.

Stjórnin skal halda gjörðabók og færa í hana skipulagsskrána, breytingar á henni, umsóknir um styrki, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, samþykktir stjórnarinnar og annað er varðar hag og rekstur sjóðsins.

## 7. gr.

Einn þriðji (1/3) hluti tekna sjóðsins skal renna í SLYSA- og sjúkrasjóð Lögreglufélags Reykjavíkur enda sé ekki öðru vísi fyrir mælt af gefendum.

## 8. gr.

Tveir þriðju (2/3) hlutar tekna sjóðsins er starfsfé hans, sem úthluta má árlega í samræmi við 4. gr. Nú er árlegu starfsfé sjóðsins ekki öllu eytt á því ári og skal þá það sem umfram er lagt við starfsfé næsta árs.

## 9. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt hverju sinni og miða við það að sem hæst ávöxtun fái.

## 10. gr.

Reikninga sjóðsins skal gera árlega og skulu þeir lagðir fram skoðaðir á aðalfundi LR. Skulu þeir bornir undir atkvæði til samþykktar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er sett í samráði við stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur og stjórn Lögreglusjóðs Reykjavíkur.

Skipulagsskráin kemur í stað skipulagsskrár fyrir samnefndan sjóð, sem staðfest var skipulagsskrá fyrir 26. október 1938, nr. 116 í B-deild Stjórnartíðinda 1938.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. mars 2001.*

F. h. r.  
**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*